

Skýrsla vinnuhóps um þjónustusamninga Skólaskrifstofu

Vinnuhópur um þjónustusamninga Skólaskrifstofu var valinn af Bæjarstjórn Reykjanesbæjar á bæjarstjórnarfundum 5. júní 2001. Verkefni hópsins var að skoða núverandi þjónustusamninga skrifstofunnar við nágrannasveitarfélög og mögulegt framhald á þeim - en samningar þeir sem í gildi hafa verið frá 1996 eru úr gildi runnir. Framlengjast þeir þó sjálfkrafa um eitt ár í senn sé þeim ekki sagt upp formlega.

Í hópnum voru Böðvar Jónsson, formaður, Skúli Þ. Skúlason og Jóhann Geirdal. Alla fundi sat jafnframt Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri. Formlegir fundir voru fjórir.

Núgildandi samningar hafa gefið góða raun og er ánægja með þá af hálfu Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar svo og þjónustukaupa sem eru Sandgerðisbær, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandahreppur. Samningar hafa tekið til þjónustu við grunnskóla þjónustukaupa en talsverður þrýstingur hefur verið af hálfu verkkaupa að útvíkka þá þjónustu svo hún taki einnig til leikskólabarna. Jafnframt hefur nokkuð verið þrýst á að auka þjónustu skrifstofunnar við leikskóla Reykjanesbæjar m.a. með beiðni um ráðningu leikskólafulltrúa sem gert er ráð fyrir að verði ráðinn um áramót 2002/2003 skv. 3ja ára áætlun bæjarstjórnar.

Vinnuhópurinn ræddi fjóra möguleika á framhaldi.

1. að hætta þjónustu við nágrannasveitarfélög
2. að halda áfram óbreyttri þjónustu og sömu starfsemi skólaskrifstofunnar
3. að útvíkka starfsemi samningsins og skrifstofunnar m.t.t. leikskóla
 - a) í samræmi við núverandi áætlanir um mannráðningar
 - b) miðað við að starfsemi skrifstofunnar verði aukin strax

Þar sem samningar sem í gildi hafa verið frá 1996 hafa gefið góða raun er lítil ástæða til að hætta þeim. Skólaskrifstofan hefur fengið aukið vægi sem skólaskrifstofa fyrir “Suðurnes” og notið góðs af við úthlutun styrkja frá t.d. ráðuneyti menntamála. Sveitarfélög þjónustukaupa eru of lítil til að starfrækja slíka þjónustu en hafa greitt hlutfall af stjórnunarþætti skrifstofunnar sem annars væri að fullu greiddur af

Reykjanesbæ. Báðir hafa þannig notið góðs af. Þá er flutningur fólks milli sveitarfélaga tíður og því óæskilegt að sálfræði- og sérfræðipjónusta við grunnskólabörn sé veitt í einu sveitarfélagi en ekki því næsta.

Með auknu vægi á leikskóla og þeirri staðreynd að þeir eru fyrsta stig skólagöngu styrkjast rök fyrir að sálfræði og önnur sérfræðipjónusta taki jafnframt til þess þáttar. Þá má leiða að því líkum að greining vandamála á leikskólaaldri dragi úr þörf fyrir sömu þjónustu á seinni stigum eða a.m.k. fækki þeim málum sem erfiðust þykja á efri skólastigum.

Hópurinn telur því rök hníga í þá átt að fara leið 3 og fólst vinna hópsins að mestu í því að leggja drög að nýjum þjónustusamningi milli aðila sem tekur til víðtækari þjónustu, uppfæra gjaldskrár og skoða þær breytingar sem verða á tekju- og gjaldaliðum verði sú leið farin.

Meðfylgjandi eru fundagerðir hópsins, drög að nýjum og viðameiri þjónustusamningi ásamt útreikningi á fjárhagsáætlun Skólaskrifstofunnar árið 2001 annars vegar m.v. núverandi stöðu og samninga og hins vegar m.v. fyrirbyggjandi drög þar sem helstu kennitölur eru þær að :

störfum fjölgar um 1,5 stöðugildi,

gjöld aukast um 7.848.000.- á ári,

tekjur aukast um 3.102.000.- á ári,

og nettó útgjaldaraukning Reykjanesbæjar verður 4.746.000.- á ári.

Nánari útfærsla er í meðfylgjandi gögnum.

Þegar Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur tekið ákvörðun um hvaða leið verður farin þarf að ganga til samninga við þjónustukaupa á grundvelli nýrra sammingsdraga sé það vilji bæjarstjórnar.

Reykjanesbær 20. ágúst 2001

Fylgiskjal 1.

Rekstrarkostnaður skólaskrifstofu á ársgrundvelli

Miðað við óbreyttan rekstur annars vegar og fyrirbyggjandi drög hins vegar

		Áætlun 01	Drög
04-02	<i>Skólaskrifstofa</i>	24.608	29.354
04-02-0	Tekjur	29.503	32.605
098-1	Endurgreiðslur jöfnunarsjóðs	21.000	21.000
099-1	Endurgreiðslur v.samninga:laun	8.503	11.605
	Akstur	800	1.200
	Námskeið og prófgögn	200	200
	Sérverkefni	800	800
04-02-1	Launakostnaður	36.908	42.436
111-1	Föst laun	23.845	27.719
121-1	Yfirvinna	8.522	9.457
163-1	Ræstingarlaun	0	0
180-1	Launatengd gjöld	4.541	5.260
196-1	Kaffistofa og matur	0	0
04-02-2	Vörukaup	820	965
202-1	Bækur tímarit blöð		
203-1	Pappír, ritföng		
04-02-3	Þjónustukaup	12.025	14.100
418-1	Bifreiðastyrkur	3.505.500	4.018.500
04-02-4	Viðhald	150	150
461-1	Viðhald og hirðing lóðar		
04-02-5	Millifært	6.008	6.008
646-1	Húsaleiga millifærð	5.053	5.053
647-1	Skrifstofukostnaður	955	955
04-02-8	Gjaldfærð fjárfesting		500
851-6	Áhöld og tæki		500